

GÆÐASTEFNA EFNA- OG ÖRVERUDEILDAR MATÍS OHF.

Gæðastefna rannsóknastofu Matís nær til allrar starfsemi rannsóknastofunnar. Það er stefna rannsóknastofunnar að allir starfsmenn vinni í samræmi við gæðastefnu, þekki innihald gæðahandbókar og vinni samkvæmt henni.

Rannsóknastofan skal tryggja að starfsmenn fái þá þjálfun og endurmenntun sem þeir þurfa og gerir þá færa um að vinna samkvæmt nýjustu uppfærslum og aðferðum og vinnulýsingum sem tilheyra gæðakerfinu.

Rannsóknastofa Matís leitast við að veita faglega þjónustu sem byggir á góðri þjálfun, heilindum, hlutleysi og þagnarskyldu starfsfólks svo ekki leiki vafi á því að rannsóknaniðurstöður séu áreiðanlegar, réttar og óhlutdrægar og að þær séu í samræmi við þarfir viðskiptavina.

Rannsóknastofan mun jafnframt vinna að stöðugum endurbótum á gæðakerfi Matís.

Faggildar rannsóknadferðir rannsóknastofunnar skulu uppfylla kröfur ÍST EN ISO / IEC 17025 um starfsemi faggiltra prófunarstofa og kröfur NELAC staðals NYSDOH.

Reykjavík, 26. október 2023



Oddur Már Gunnarsson,
forstjóri Matís ohf.

Vínlandsleið 12
113 Reykjavík IS

+354 422 5000
matis@matis.is

www.matis.is
@Matisceland